

# Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

á Borgum á Akureyri, fimmtudaginn 7. febrúar 2013, kl. 10:00 til 12:30

---

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands \(Rannís\)](#), formaður nefndarinnar
- Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) (varamaður Gunnlaugar Einarsdóttur)
- Jórunn Harðardóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- María Harðardóttir frá [Náttúrufræðistofnun Íslands](#)
- Hulda Proppé frá [Rannís](#)
- Joan Nymand Larsen frá [Háskólanum á Akureyri](#)
- Gísli Pálsson frá [Háskóla Íslands](#)  
og að auki:
- Jónas Gunnar Allansson frá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Atli Már Sigurðsson frá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)
- Tom Barry frá [CAFF](#)
- Embla Eir Oddsdóttir frá [Norðurslóðaneti Íslands](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Forföll boðuðu Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#) og Þóroddur Sveinsson frá [Landbúnaðarháskóla Íslands](#). Níels Einarsson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er í rannsóknarleyfi.

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Lög, hlutverk og verkefni SUMN.
2. Helstu áfangar í norðurslóðamálum hjá utanríkisráðuneyti: Norðurskautsráðið, málþing um alþjóðlega norðurslóðasamvinnu o.fl.
3. Fréttir frá stofnunum.
4. Norðurslóðadagur haustið 2013.
5. Kynning á Norðurslóðaneti Íslands (Embla Eir Oddsdóttir). Miðlun upplýsinga um norðurslóðaverkefni stofnana.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.

Þorsteinn setti þennan fyrsta fund SUMN eftir nýskipun nefndarinnar sl. haust. Hann kynnti störf nefndarinnar lauslega fyrir nýjum nefndarmönnum. Allir nefndarmenn kynntu sig og síðan var gengið til dagskrár.

## 1. Lög, hlutverk og verkefni SUMN

Þorsteinn fór yfir hlutverk nefndarinnar samkvæmt lögum frá 1997. Sagði ýmislegt hafa gerst í norðurslóðamálum síðan, nefndin þó starfað mismikið. Hann fór yfir lista um hlutverk nefndarinnar sem settur var saman í mars 2012. Hann benti á að nefndin hefði engar fjárveitingar, en hefði þó komið ýmsu í verk, t.d. staðið fyrir Norðurslóðadögum í Norræna húsinu 2000 og 2010, og í Nuuk á Grænlandi haustið 2012. Einnig hafi verið safnað saman verkefnalistum stofnana sem tilnefna fulltrúa í nefndina. [Listarnir eru á vef SVS](#) og þyrfti reyndar að fara að endurnýja þá.

Helgi útskýrði fyrir nýjum nefndarmönnum hvað [SAON](#) (Sustaining Arctic Observing Network) væri og að rætt hafi verið á síðasta ári í SUMN að nefndin ætti að vera nokkurs konar bakland Íslands fyrir SAON. **(ÞG: Bæta þessu á hlutverkalistann!)** Jónas sagðist hafa séð í lögum um SVS að talað væri um stjórn SVS.

Þorsteinn sagði enga stjórn vera eftir að nær allar stjórnir ríkisstofnana hafi verið aflagðar fyrir einhverjum árum. Hann nefndi þá skörun sem SUMN, SVS og hið nýja Norðurslóðanet Íslands hefðu, það væri gott að hafa þetta í huga. Jón Haukur sagði frá breytingum sem hafa orðið frá stofnun SVS (1998).

## **2. Helstu áfangar í norðurslóðamálum hjá utanríkisráðuneyti: Norðurskautsráðið, málþing um alþjóðlega norðurslóðasamvinnu o.fl.**

Jónas Gunnar Allansson frá utanríkisráðuneytinu sagði að samstarf í Norðurskautsráðinu væri að taka á sig aðra mynd, umhverfisstarf væri stoðin í starfinu. Á síðari árum er meira farið út í beinar aðgerðir varðandi hættur á höfunum, olíumengun og slíkt. Fleiri ríki eru að bætast við sem áheyrnarfulltrúar, Íslandi finnst það mjög jákvætt. - Fastaskrifstofa Norðurskautsráðsins hefur verið stofnuð í Tromsø og Magnús Jóhannesson, fyrrv. ráðuneytisstjóri í umhverfissráðuneyti, veitir henni forstöðu. Hún mun vonandi styrkja allt innra starf ráðsins og upplýsingaflæði. - Svíar ljúka formennsku sinni í Norðurskautsráðinu í vor. - Kanadamenn taka við formenskunni og leggja augljóslega meiri áherslu á hina efnahagslegu og praktisku vidd. Þeir leggja einnig áherslu á öryggi siglinga og s.k. **Polar Code**, sem eru strangari reglur um siglingar í ís, þróun viðbragða við olíumengun, sjálfbæra þróun samfélaga, loftslagsmál o.fl. **Jónas ætlar að senda nefndarmönnum þennan „ramma“** og lýsir eftir verkefnahugmyndum frá stofnunum sem passa inn í hann.

Jónas sagði stuttlega frá ýmsum öðrum atriðum sem tengjast norðurslóðastarfi utanríkisráðuneytis, meðal annars:

Varðandi samband við Grænland nefndi Jónas að íslenskt-grænlenskt viðskiptaráð hefur verið stofnað. Í bígerð að stofna skrifstofu aðalræðismanns í Nuuk, verður mikil styrking fyrir vísindasamfélagið, viðskiptalífið og pólitískt samstarf. - Nansen samstarfið gengur vel. Fyrsti Nansen prófessorinn er að hefja störf, stúdentasamstarf gengur vel, en er þó meira á annan veginn (til Noregs). Sennilega þarf meiri kynningu á norsku styrkjunum, ekki eru sérlega margar umsóknir. - Ráðstefna með áherslu á öryggis- og alþjóðamál verður í Reykjavík á vegum Háskóla Íslands 18.-19. mars 2013, þar sem Carl Bildt og Össur Skarphéðinsson verða með lykilmáttörp. - Utanríkisráðuneytið studdi stóra ráðstefnu í Reykjavík í desember um samgönguinnviði á norðurslóðum. Arctic Maritime and Aviation Transportation Infrastructure Initiative (**AMATII**) er tilbúinn gagnagrunnur um þetta efni. Mikilvægt verkefni fyrir alla varðandi samfélags- og efnahagsþróum á norðurslóðum, sem verður framhald á. - **Arctic Energy Summit** verður á Akureyri 8.-10. október 2013. Verður vonandi mikil lyftistöng fyrir umræðu um olíu- og gasvinnslu á norðurslóðum. - Rússar hafa áhuga á samstarfi í norðurslóðamálum, Veðurstofan og Jarðvísindadeild HÍ hafa lýst áhuga á samstarfi.

## **3. Fréttir frá stofnunum**

Halldór Jóhannsson frá Arctic Portal sagði aðeins frá aðkomu sinni að SAON, en hann hefur lagt mikla áherslu á það samstarf frá því hann byrjaði að sækja fundi þar (2006). - Taldi daginn í dag merkilegan fyrir stofnun Norðurslóðanets Íslands, sem hann hefur komið að undirbúningi við. - Arctic Portal hefur komið að stofnun **Arctic Services** á Akureyri sem er líka spennandi nýjung; samvinna aðila í atvinnulífinu og mikilvæg tenging atvinnulífs, vísinda og háskólamenntunar. - Arctic Portal kemur líka að kennslumálum og eru orðnir aðilar að **University of the Arctic** og leggja þar áherslu á "virtual education" - Halldór fór til Rússlands í desember sl. á **EMA** (Electronic Memory of the Arctic) ráðstefnu. - Arctic Portal er aðili að stóru Evrópuverkefni, **Page21** (Changing Permafrost in the Arctic and its Global Effects in the 21st Century), verkefni um loftslagsbreytingar og sífrera, sem hefur gengið mjög vel - **EU Arctic Information Centre** (19 samstarfsaðilar) fékk nýlega styrk til að vinna að mati, Arctic Portal er með í því. - **Arctic Energy Summit** ráðstefna verður 8.-10. október 2013 á Akureyri.

Tom Barry frá CAFF sagði frá CAFF og PAME, sem eru stærstu stofnanir Norðurskautsráðsins fyrir utan Noreg. Sex manns vinna á hjá þeim og bauð hann nýjum nefndarmönnum að koma í heimsókn. Mörg verkefni eru í gangi, en stærst er **Arctic Biodiversity Assessment**, en það er Náttúrfræðistofnun sem er fulltrúi Íslands í þeirri vinnu.

Gísli Pálsson frá Háskóla Íslands sagði ýmislegt vera gert innan HÍ tengt norðurslóðamálum. Benti á verkefnalista HÍ sem tekinn var saman og er á vefsíðu SVS. Taldi að það vantaði einhvers konar front innan HÍ, að háskólar vinni saman að einhvers konar neti. Þorsteinn benti á að til stæði að stofna rannsóknasetur um norðurslóðir við HÍ á þessu ári. Jónas sagði ráðuneytið hafa fylgst vel með því og lagði áherslu á að samstarf væri styrkurinn, Alþjóðastofnun HÍ væri að skoða alþjóðastjórn málin og samstarf við hið nýja Norðurslóðanet Íslands yrði mikið.

María Harðardóttir frá Náttúrufræðistofnun sagði mikla orku fara í IPA-verkefnið Natura Ísland, sem er styrkt af Evrópusambandinu og unnið í samvinnu við Landmælingar og Umhverfisstofnun. Vinnan næstu þrjú ár felst í flokkun á vistgerðum Íslands og könnun, m.a. á útbreiðslu fuglastofna. Þetta er stærsta einstaka verkefni sem Náttúrufræðistofnun hefur tekið að sér. - Ýmis önnur verkefni eru í gangi sem tengjast norðurslóðum, t.d. margæsatatning vor og haust, þátttaka í CAFF, þátttaka í **AEWA** sem er alþjóðlegur samningur um verndun farfugla og votlendisfugla í Afríku og Evrasíu (African-Eurasian Waterbird Agreement), þátttaka í **ITEX** (International Tundra Experiment) sem er verkefni um áhrif loftslagsbreytinga á háfjallagróður, kortlagning vistkerfa á hálendinu og þátttaka í samráðshópi um olíuvinnslu.

Jórunn Harðardóttir frá Veðurstofnunni sagði þau vera með fjölmörg verkefni sem varða norðurslóðir, þar með talið vöktunarverkefni, t.d. vöktun flugveðurs allt til norðurheimskautsins. - **SVALI** (Stability and Variations of Arctic Land Ice) er norrænt rannsóknarverkefni sem fjallar um breytingar á jökuljöðrum, áhrif hlýnunar á afkomu jökla og rennsli jökuláa og á landlyftingu vegna breytinga á fargi jökla. **SNAPS** (Snow, Ice and Avalanche Applications) er Evrópsambandsverkefni með Finnum, Norðmönnum og Svíum um vandamál vegna snævar og snjóflóða á vegum. - Veðurstofan tekur þátt í norræna rannsóknarverkefninu **ICEWIND** (Improved Forecast of Wind, Waves and Icing) þar sem m.a. verða útbúnir vind- og ísingaratlasar fyrir Ísland. Í samvinnu við íslenskar og norrænar stofnanir hefur Veðurstofan staðið fyrir kortlagningu allra stærstu jökla Íslands og minni jökla á Norðurlöndum og Grænlandi. Nákvæm landlíkön af jöklum nýtast til margs konar rannsókna og hafa auk þess mikla hagnýta þýðingu, svo sem við kortagerð, undirbúning og rekstur vatnsaflsvirkjana, ferðir, leit og björgunarstörf á jöklum. Einnig er verið að ganga frá yfirlitskorti af jöklum landsins í mælikvarðanum 1:500 000 sem verður sett í sölu á árinu. Veðurstofan fékk fé á síðustu fjárveitingu til öryggisvöktunar á hafi og getur nú aukið vöktun á hafsvæðunum kringum Ísland og ráðið langþráðan hafissérfræðing. - Stofnunin tekur þátt í margvíslegu alþjóðasamstarfi innan **WMO** (World Meteorological Organization) og annarra, sem í mörgum tilfellum tengjast norðurslóðamálefnum, s.s. EC-PORS (Panel of Experts on Polar Observations, Research and Services), Arctic-HYDRA (The Arctic Hydrological Cycle; Monitoring and Assessment Program), GCW (Global Cryosphere Watch). Jarðvísindastofnun og Veðurstofa Íslands leiða nú verkefnið Futurevolc (Ofurstöð í eldfjallafræði) sem er stærsta samevrópska rannsóknarverkefni sem íslenskir vísindamenn hafa leitt. Þar er leitast við að samþætta rannsóknir á eldgosum, vöktunarkerfi, viðbúnað og viðbrögð, og tengist hluti vinnunnar norðurslóðum t.d. með þróun vöktunarbúnaðar á jöklum. Verið er að ganga frá samningi við EU varðandi IPA styrk sem Veðurstofa Íslands sótti um ásamt Umhverfisstofnun, en styrkurinn mun byggja upp innviði þessara stofnana og gera þeim betur kleift að takast á við vinnu tengdri stjórn vatnamála og flóðavöktun og -hættumati. - Jórunn nefndi að lokum **Vox Naturae** og forsvarsmann samtakanna, Pál Ásgeir Davíðsson sem hefur fengið marga öfluga aðila um allan heim í lið með sér til að vekja athygli á bráðnun jökla, m.a. með því að lýsa upp Svínafellsjökul. Þarna kemur fram önnur sýn á hlutina og annars konar þátttaka en við eigum að venjast.

Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun benti á að Umhverfisstofnun er ekki rannsóknarstofnun heldur stjórnsýslustofnun. Hjá þeim eru aukin umsvif varðandi olíu og olíuleitarmál. - Hjá **Polar Code**, sem er undir alþjóða siglingamálastofnuninni (**IMO**), er verið að reyna að setja niður strangari reglur um siglingar á norðurslóðum. - Á vegum **AMAP** (Arctic Monitoring Assessment Program) hópsins verður ráðstefna í Bergen í maí nk. um súrnun norðurhafa.

Jón Haukur Ingimundarson frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar dreifði pappírurum, m.a. *Stefansson Arctic Institute: Overview of current & recent projects*, sem er nýyfirfarið. - Anna Kerttula frá National Science

Foundation var gistingufræðimaður við SVS sl. haust og tók þátt m.a. í Norðurslóðadeginum á Grænlandi. – 18.-19. júní 2013 verður á Akureyri ráðstefna í tengslum við Fishernet verkefnið sem Sigurbjörg Árnadóttir hjá SVS stýrir. Ráðstefnan sem fjallar um sjávar tengda ferðapjónustu á norðurslóðum verður haldin í samvinnu við RHA, NORA, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Norsk sjómatsenter og Íslenska vitafélagið. – [NABO](#) (North Atlantic Biocultural Organisation) ráðstefna verður á Þelamörk og í Borgum í júní 2013 og kemur SVS að skipulagi hennar. – Farandsýningin um Vilhjálm Stefánsson hefur nú verið flutt frá Nuuk til Qaqortoq á norðvesturströnd Grænlands.

Joan Nymand Larsen frá Háskólanum á Akureyri (vinnur líka hjá SVS) dreifði verkefnalista sem tekinn var saman 2010 og sagði að flest verkefni væru enn í gangi hjá Háskólanum. – Sagði frá tveim norðurslóðaverkefnum í hennar umsjá. Í maí 2013 verður önnur skýrsla um [ASI verkefnið](#), sem gefur góða mynd af mannlífi á norðurslóðum kynnt. – Annað verkefni er AHDR II sem verður gefið út í skýrsluformi árið 2014. – Hún nefndi líka [IPCC](#) (Intergovernmental Panel on Climate Change), fimmtu skýrslu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna sem hún tekur þátt í, sennilega í fyrsta sinn sem Ísland hefur fulltrúa í kaflaskrifum þeirra skýrsluraðar. – Joan tók þátt í SAON í byrjun fyrir hönd [IASSA](#). – Háskólinn á Akureyri mun hýsa [Rectors' Forum](#) Háskóla norðurslóða árið 2014. – Í ágúst 2013 mun Háskólinn á Akureyri hýsa NRF ráðstefnuna [Climate Change in Northern Territories](#). – Joan og Þorsteinn eru þátttakendur í undirbúningi að nýrri [NordForsk](#) rannsóknáætlun um norðurslóðir sem verður ákveðið hvort hleypt verður af stokkunum í júní nk.

Þorsteinn Gunnarsson frá Rannís sagði að starfsfólki Rannís hefði fjölgað úr 20 manns í 36 þegar [landskrifstofur Menntaáætlunar Evrópusambandsins](#) (LME) og [Nordplus](#) fluttust til Rannís um sl. áramót. – Meginverkefnið varðandi norðurslóðir er í gegnum ýmsa sjóði, fyrst og fremst rannsóknasjóð. – Rannís er aðili að [IASC](#) (International Arctic Science Committee), sem eru opnari samtök en Norðurskautsráðið og aðildarlöndum fjölgar stöðugt. Ein vísindaráðstefna ([Arctic Science Summit Week](#)) er haldin á ári, næsta verður 13.-19. apríl í Kraków í Póllandi. – Þorsteinn situr sem fulltrúi í [SAON](#) sem er samstarfsverkefni IASC og Arctic Council. Næsti fundur SAON er í Vancouver í Kanada í apríl. – Þorsteinn tekur þátt í [Noria-net Arctic](#), NordForsk undirbúningsverkefninu sem Joan nefndi áður. – Rannís sinnir einnig ýmsu tvíhliða samstarfi við önnur lönd, m.a. við Noreg og Kína.

#### 4. Norðurslóðadagur haustið 2013

Þorsteinn sagði frá að Norðurslóðadagur hefði verið haldinn 2010 í Reykjavík og svo 2012 í Nuuk á Grænlandi. Enginn dagur var 2011, enda aldrei ákveðið að hafa hann árlegan. Talað var um að gera þurfi ráð fyrir svona viðburðum í fjárhagsáætlunum stofnana.

Jón Haukur taldi hugsanlegt að skipuleggja svona dag annað hvert ár. Einnig var ýmislegt rætt varðandi hverjum ætti að bjóðast þátttaka í svona degi; Nunavut, Grænland, Noregur? Spurt var um hugsanlega tengingu Norðurslóðanets Íslands og Norðurslóðadags? Bent var á að best væri að halda svona dag á Íslandi að hausti. Ef halda ætti Norðurslóðadag á erlendri grund, þyrfti að ákveða stað og dagsetningu með upp undir árs fyrirvara. Jónas hvatti til að Norðurslóðadagurinn sinnti vísindum, stjórnmálum og efnahagslífi.

Þorsteinn gerði það að tillögu sinni að nefndin feli formanni SUMN og Jón Hauki í samvinnu við [Norðurslóðanet Íslands að vinna að undirbúningi næstu Norðurslóðadaga \(2013 og 2014\) og hvatti jafnframt nefndarmenn til að senda inn hugmyndir.](#)

#### 5. Kynning á Norðurslóðaneti Íslands (Embla Eir Oddsdóttir). Miðlun upplýsinga um norðurslóðaverkefni stofnana.

Embla Eir dreifði bæklingi um [Norðurslóðanet Íslands/Icelandic Arctic Cooperation Network \(IASCN\)](#), sem hefur starfað í tvær vikur og var formlega hleypt af stokkunum síðar þennan dag. Norðurslóðanet Íslands er sameiginlegur vettvangur aðila sem starfa að norðurslóðamálum og á að auka sýnileika og skilning á málefnum norðurslóða sem og starfsemi aðila sem vinna að málefnum norðurslóða á Íslandi. Netið er vettvangur fyrir fyrirtæki og stofnanir alls staðar að af landinu sem koma að norðurslóðamálum.

Tilgangur Norðurslóðanets Íslands er að:

- auka sýnileika stofnana og annarra aðila á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða og þeirra málefna sem þær fjalla um,
- auka skilning á starfsemi þátttakenda; upplýsa fræðimenn, stjórnmalámennt og almenning innanlands og erlendis um þá þekkingu og reynslu sem hér hefur skapast á undanförunum árum,
- gera aðgengilegar upplýsingar um norðurslóðir og þau málefni sem eru hvað brýnust á norðurslóðum,
- veita stuðning til aukinnar samvinnu milli aðila til að styrkja samkeppnishæfni þeirra á þeim sviðum sem þær starfa á,
- veita leiðbeiningar og ráðgjöf til þeirra sem til Norðurslóðanetsins leita.

Norðurslóðanet Íslands er hluti af sóknaráætlun landshluta sem Eyþing samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, ásamt utanríkisráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hafa undirbúið í samstarfi við fjölmarga aðila sem tengjast norðurslóðamálum á Akureyri. Stofnaðilar eru Háskólinn á Akureyri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Heimskautaréttarstofnunin, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknþing norðursins, Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís), Rannsóknamiðstöð ferðamála, Arctic Portal, og tveir vinnuhópar Norðurskautsráðsins; CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna) og PAME (Protection of Arctic Marine Environment). Þetta eru allt aðilar staðsettir á Akureyri, en aðilar annars staðar af landinu eiga líka að koma að þessu verkefni. Norðurslóðanetið á að þróast áfram, er ekki endanlegt í núverandi mynd. Það var upphaflega hugsað sem skammtímaverkefni (þrjú ár), en vonast er til að það haldi áfram – með tilliti til vinnunnar sem lögð hefur verið í það. Norðurslóðanetið er sjálfseignarstofnun með þriggja manna stjórn: Þorstein Gunnarsson (Rannís), Halldór Jóhannsson (Arctic Portal) og Stefán Sigurðsson rektor Háskólans á Akureyri. Embla Eir Oddsdóttir er forstöðumaður, en gert er ráð fyrir 1-2 öðrum starfsmönnum. Embla Eir lýsti öllum aðdraganda og kynnti hina ýmsu þætti sem Norðurslóðanet Íslands mun koma að. Mjög greinagóð og athyglisverð kynning sem fundarmenn voru mjög ánægðir með og ræddu vítt og breitt.

## 6. Næsti fundur

Næsti fundur (sennilega í gegnum fjarfundabúnað) verður **föstudaginn 8. mars 2013**, kl. 10:00.

## 7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

---